

Ed.

225. Nefndarálit

[50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á, að hækkaðir séu vextir af skuldabréfum þeim, er ríkissjóður hefur greitt bændum upp í bætur fyrir að vera sauðlausir, úr 4% í 6%. Öllum var ljóst, að það var mjög mikilsvert, að fjárskiptunum yrði flýtt, og mun það hafa verið höfuðástæðan til þess, að gripið var til þess að greiða bændum nokkurn hluta af þeim bótum, er þeim bar, með skuldabréfum. Þessi bréf eru, eins og kunnugt er, 5 ára bréf, og er því sá höfuðstóll, sem í þeim stendur, tekinn úr rekstri búanna. Við þessu mega bændur illa, og hefur þorri þeirra, sem aftur hafa fengið fjárstofn, orðið að taka lán til að geta greitt hann með. Illa hefur gengið að fá slík lán og það torveldað fjárskiptin. En hafi það fengizt, hafa það verið 6—7% vaxta lán.

Nefndin rannsakaði hver kostnaður ríkissjóðs mundi verða vegna þessarar 2% hækkunar bréfavaxtafætinum. Sé gengið út frá því, að útgáfu bréfa til bótagreiðslna til bænda verði hagað eins 1952—54 og verið hefur 1950 og 1951, yrði aukinn kostnaður ríkissjóðs sem hér segir:

1951:73325, 1952:119903, 1953:159903, 1954:202903, 1955:144578, 1956:144578, 1957:98000, 1958:58000, 1959:58000.

Alls yrði það þá liðug milljón króna, sem ríkissjóður greiddi á 9 árum vegna þessa. Nefndin lítur svo á, að hvort tveggja sé, að bændur geti illa staðið undir þeim vaxtamun, sem er á lánunum þeim, sem þeir kunna að geta fengið til fjárkaupa, og þeir fá af bréfunum, og eðlilegra sé, að heildin, ríkissjóður, greiði sömu eða svipaða vexti af þeim og bændur þurfa að greiða af fjárkaupalánunum sínum. Þar að auki hefur ríkisstjórnin á hverjum tíma á valdi sínu, hve mikið hún notar sér heimildina til að greiða bæturnar í bréfum, og að því leyti á valdi sínu, hve vaxtagreiðslan verður há.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmaður (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var rætt og ákvörðun tekin um afgreiðslu þess.

Alþingi, 15. nóv. 1951.

Páll Zóphóníasson,  
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.